



# Vitnisburður um tengingu á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku

Endanleg yfirlitsskýrsla

---



**EUROPEAN AGENCY**  
for Special Needs and Inclusive Education



# VITNISBURÐUR UM TENGINGU Á MILLI NÁMS ÁN AÐGREININGAR OG FÉLAGSLEGRAR ÞÁTTTÖKU

Endanleg yfirlitsskýrsla



Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) er sjálfstæð sjálfsstjórnarstofnun. Miðstöðin er sameiginlega fjármögnuð af menntamálaráðuneytum í aðildarlöndunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, í gegnum rekstrarstyrk innan Erasmus+ menntunaráætlunar Evrópusambandsins (ESB) (2014-2020).



Sameiginlega fjármagnað af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við framleiðslu þessarar útgáfu felur ekki í sér stuðning við innihaldið, sem endurspeglar eingöngu skoðanir höfundanna, og framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem koma hér fram.

Þær skoðanir sem einstaklingar greina frá í skjalinu eru ekki endilega í samræmi við opinberar skoðanir miðstöðvarinnar, aðildarríkja hennar eða framkvæmdastjórnar ESB.

Ritstjóri: Simoni Symeonidou

Útdráttur úr skjalinu er eingöngu leyfður ef skýrlega er vísað til heimildarinnar. Vísa skal til skjalsins á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018. *Vitnisburður um tengingu á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku: Endanleg yfirlitsskýrsla.* (S. Symeonidou, ritst.). Odense, Danmörk

Til að bæta aðgengi að skýrslunni er hún tiltæk á 25 tungumálum og á rafrænu sniði á vefsvæði stofnunarinnar: [www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

ISBN: 978-87-7110-758-6 (Rafrænt)

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2018

Aðalskrifstofa  
Østre Stationsvej 33  
DK-5000 Odense C Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

Skrifstofa í Brussel  
Rue Montoyer, 21  
BE-1000 Brussels Belgium  
Sími: +32 2 213 62 80  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)



# EFNISYFIRLIT

---

INNGANGUR	5
NIÐURSTÖÐUR	6
Menntun	7
Atvinna	8
Búseta í samfélaginu	9
LYKILSKILABOÐ OG ÍHUGUNAREFNI STEFNUNNAR	10







# INNGANGUR

---

Fræðilegar greinar undirstrika gjarnan mikilvægi tengingarinnar á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku, innan rannsóknarverkefna sem kanna annaðhvort nám án aðgreiningar eða félagslega þátttöku. Einnig liggja fyrir rannsóknir á tengingunni á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku, þó að þær séu takmarkaðar. Slík rannsókn er oft gerð innan annarra fagsviða en náms án aðgreiningar, eins og félagsfræði og sálfræði. Það getur komið í veg fyrir að hagsmunaaðilar náms án aðgreiningar fái upplýsingar um og noti rannsóknargögn til ávinnings fyrir fatlað fólk.

Í ljósi ofangreinds, var fræðileg umfjöllun gerð til að kanna tenginguna á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku fatlaðs fólks. Einkum leiddu tvær rannsóknarspurningar umfjöllunina:

- Hver er tengingin á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku?
- Hvað segja nýjustu rannsóknir um möguleika náms án aðgreiningar sem verkfæris til að efla félagslega þátttöku?

Umfjöllunin fjallaði bæði um félagslega þátttöku til skamms tíma (þ.e. tímabilið þegar börn ganga í skóla) og lengri tíma lítið (þ.e. þegar fatlað fólk lýkur skyldunámi). Hún lagði áherslu á þrjú svið – menntun, atvinnu og búsetu í samfélaginu – og leitaðist við að veita sönnunargögn úr gagnasafni rannsókna til að útskýra hvernig nám án aðgreiningar tengist félagslegri þátttöku. Umfjöllunin sem liggur að baki skoðar áhrif náms án aðgreiningar á félagslega þátttöku, með því að kanna svið menntunar, atvinnu og búsetu í samfélaginu. Skýrslur sem eru gefnar út af alþjóðlegum stofnunum, eins og Sameinuðu þjóðunum, Evrópusambandinu og Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, og öðrum stofnunum/netum hafa einnig kannað þetta.

Það sem umfjöllunin bætir við fræðigreinar um nám án aðgreiningar er skipuleg nálgun við rannsókn á verulegum fjölda rannsókna á efninu. Meginniðurstöðurnar eiga rætur sínar að rekja til samantektar á rannsóknargögnum. Hún varpar ljósi á ólíkar hliðar skammtíma og langtíma félagslegrar þátttöku fatlaðs fólks á öllum þremur sviðum (menntun, atvinnu og búsetu í samfélaginu).

Búist er við því að umfjöllunin verði gagnleg fyrir ólíka hagsmunaaðila menntunar og á ólíkum stigum. Einkum kann fræðileg umfjöllun sem sýnir fram á gögn um áhrif náms án



aðgreiningar á félagslega þátttöku að vera gagnleg fyrir stefnumótendur sem vilja þróa sannreynda stefnu í tengslum við nám án aðgreiningar. Á öðru stigi er þess vænst að umfjöllunin eigi þátt í kenningum um nám án aðgreiningar. Það gerir hún með því að veita gögn um að tengingin á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku skipti máli fyrir gæði úrræða í námi án aðgreiningar, tilfærslukerfa og félagsmálafestefnu (t.d. stefnur um stuðning við atvinnuþátttöku fatlaðs fólks, stefnur um sjálfstætt líf, stefnur um aðgengi í byggðu umhverfi). Umfjöllunin veitir einnig gögn sem stinga upp á frekari rannsóknarsviðum (sérstaklega í Evrópulöndum).

Þessi endanlega yfirlitsskýrsla gerir grein fyrir meginniðurstöðum fræðilegu umfjöllunarinnar og setur fram lykilskilaboð og íhugunarefni stefnunnar. Fræðilega umfjöllunin í heild sinni er fánleg á prenti og rafrænu formi á vefsvæði Miðstöðvarinnar.<sup>1</sup>

## NIÐURSTÖÐUR

---

Niðurstöður umfjöllunarinnar benda til þess að tenging sé á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku á sviðum menntunar, atvinnu og búsetu í samfélaginu. Um leið virðast aðrir þættir stuðla að eða hindra félagslega þátttöku. Þar á meðal eru gæði náms án aðgreiningar, félagsmálafestefnu, félagsleg kerfi og viðhorf, lífshlaup einstaklinga, og svo framvegis. Þau rannsóknargögn sem umfjöllunin setur fram benda til þess að nám í sérskólum lágmarki tækifæri til félagslegrar þátttöku bæði til skamms tíma (á meðan fötluð börn ganga í skóla) og til lengri tíma litið (eftir útskrift úr menntun á unglingsstigi). Nám í sérskóla er sett í samhengi við verri akademískrar og starfslegrar hæfni, starfa á vernduðum vinnustöðum, fjárhagslegt ósjálfstæði, færri tækifæri til sjálfstæðrar búsetu og slakra samfélagsneta eftir útskrift. Í þessu samhengi gætu stefnumótendur íhugað hvernig hægt sé að endurhanna þau sérúrræði sem eru tiltæk í mörgum löndum til að styðja við nám í umhverfi án aðgreiningar.

Meginniðurstöður fræðilegrar umfjöllunar eru teknar saman hér að neðan. Þeim er skipt niður í þrjá undirhluta: menntun, atvinnu og búsetu í samfélaginu.

---

<sup>1</sup> Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018. *Evidence of the Link Between Inclusive Education and Social Inclusion: A Review of the Literature [Vitnisburður um tengingu á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku: Umfjöllun um fræðigreinar]*. (S. Symeonidou, ritst.). Odense, Danmörku. [www.european-agency.org/resources/publications/evidence-literature-review](http://www.european-agency.org/resources/publications/evidence-literature-review)



## Menntun

---

Niðurstöður umfjöllunarinnar um tenginguna á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku í skyldunámi og í háskólamenntun benda til þess að:

- **Nám án aðgreiningar auki tækifæri til samskipta við jafnaldra og myndunar á náinni vináttu á milli fatlaðra og ófatlaðra nemenda.** Þrátt fyrir að félagsleg sambönd séu flókin í mælingu, eru þau félagslegu samskipti sem eiga sér stað í umhverfi án aðgreiningar forsenda fyrir þróun á vináttu, félags- og samskiptahæfni, stuðningsnetum, tilfinningu fyrir að tilheyra hópnum og jákvæðri hegðun.
- **Til að félagsleg samskipti og vinátta geti átt sér stað í umhverfi án aðgreiningar, þarf að beina tilhlýðilegri athygli að nokkrum þáttum sem stuðla að þátttöku nemenda (þ.e. aðgengi, samstarf, viðurkenningu og samþykki).** Framkvæmd félagslegrar þátttöku fatlaðra nemenda í umhverfi án aðgreiningar snýst um að auka þátttöku á öllum sviðum, meðal allra hagsmunaaðila (þ.e. starfsfólks, nemenda og foreldra) og á öllum stigum (þ.e. skólastefnu og framkvæmdar, skólabrags). Félagsleg þátttaka fatlaðra nemenda næst ekki þegar þátttaka þeirra er hindruð vegna neikvæðra viðhorfa til fötlunar og útilokandi skólaumhverfis (t.d. takmarkaðs aðgengis, skorts á sveigjanleika, undanþágu frá námsgreinum sem eru taldar vera „erfiðar“).
- **Fatlaðir nemendur sem eru menntaðir í umhverfi án aðgreiningar kunna að sýna betri akademíska og félagslega frammistöðu en nemendur sem eru menntaðir í sérskólum.** Stuðlað er að akademískri og félagslegri frammistöðu nemenda þegar stefnur og starfshættir án aðgreiningar eru raunverulega til staðar, það er skólabragur án aðgreiningar og kennarar fylgja kennslufræði án aðgreiningar.
- **Nám og veittur stuðningur innan námsskipulags án aðgreiningar eykur líkurnar á skráningu til háskólamenntunar.** Tengingin á milli náms án aðgreiningar og skráningar til háskólamenntunar er háð skilvirkri skipulagningu á tilfærslu sem hefst við lok unglingastigs í skóla og tekur til samfélagsins. Fjöldi þátta eru hindrun við skráningu til háskólamenntunar, til dæmis: fjárskortur, ófullnægjandi aðstoð við umsóknir, lítil þekking á nauðsynlegum aðbúnaði, slæmt aðgengi að viðeigandi námskeiðum og lélegar tilfærsluáætlanir.





## Atvinna

---

Niðurstöður umfjöllunarinnar um tenginguna á milli náms án aðgreiningar og atvinnu benda til þess að:

- **Nám í námsskipulagi án aðgreiningar er einn af þeim þáttum sem auka líkurnar á því að fatlað fólk fái atvinnu.** Fyrir utan menntun, stjórnast atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk af nokkrum félagslegum þáttum, eins og stefnu, staðbundnum markaði, atvinnunetum, viðhorfum atvinnuveitenda og aðgengilegu starfsumhverfi.
- **Innihald námskrár getur annaðhvort takmarkað eða aukið tækifæri fyrir atvinnuþátttöku fatlaðs ungs fólks.** Trygging aðgengis í námskrá leiðir til akademískrar og starfslegrar hæfni sem eykur tækifæri til atvinnuþátttöku. Útgáfur á „sérnámskrá“, sem er aðlöguð eða sérhönnuð fyrir fötluð ungmenni, kunna að takmarka atvinnutækifæri.
- **Hágæða tilfærsluáætlanir sem eru veittar á unglíngastigi kunna að auka líkurnar á því að fatlað fólk fái atvinnu.** Talið er að samfélagslegar tilfærsluáætlanir sem eiga sér stað á unglíngastigi séu skilvirkari við að útvega starf en tilfærsluáætlanir sem fara fram innan skólans. Tilfærsluáætlanir sem eru stuttar og eru framkvæmdar af sérkennurum án þátttöku almennra bekkjarkennara takmarka tækifæri til atvinnu á opnum vinnumarkaði.
- **Menntun í námsskipulagi án aðgreiningar getur haft áhrif á starfsteind (þ.e. verndaðan vinnustað, atvinnu með stuðningi, opna atvinnu og sjálfstæða atvinnustarfsemi) fatlaðs fólks.** Menntun í sérskóla tengist því að útvega atvinnu á vernduðum vinnustað (sem stuðlar hugsanlega að einangrun frekar en félagslegrar þátttöku fatlaðs fólks). Menntun í umhverfi án aðgreiningar leiðir til akademískrar og starfslegrar hæfni og færni sem eykur líkurnar á vali á öðrum gerðum atvinnu, eins og atvinnu með stuðningi, opinnar atvinnu og sjálfstæðrar atvinnustarfsemi.



## Búseta í samfélaginu

---

Í þessari umfjöllun vísar búseta í samfélaginu til sjálfstæðs lífs, það að vera fjárhagslega sjálfstæður, eiga vini og félagsnet og þátttöku í tómsundastarfi. Niðurstöður umfjöllunarinnar um tenginguna á milli náms án aðgreiningar og búsetu í samfélaginu benda til þess að:

- **Mennta- og félagsþjónustustefnur eru tveir samtengdir þættir í því að öðlast sjálfstætt líf.** Nám án aðgreiningar er einn af þeim þáttum sem auka tækifæri til sjálfstæðs lífs. Léleg menntun í almennum skóla, ásamt veikum félagsþjónustustefnum, dregur úr líkum á sjálfstæðu lífi.
- **Fötluð ungmenni sem stunda nám í námsskipulagi án aðgreiningar eru líklegri til að verða fjárhagslega sjálfstæð skömmu eftir útskrift úr menntun á unglingastigi.** Áhrif náms án aðgreiningar á fjárhagslegt sjálfstæði verða veikari eftir því sem lengra líður frá útskrift vegna ýmissa þátta sem hafa áhrif á lífshlaup einstaklinga. Það getur leitt til þess að viðkomandi þurfi að reiða sig á félagslegar bætur.
- **Fötluð ungmenni sem stunda nám í sérskóla eru ólíklegri til að mynda vináttu og félagstengsl á fullorðinsárum.** Eftir því sem árin líða breytast félagstengsl fatlaðs fólks vegna þeirra eigin óska og þess að lífshlaup þeirra taka ólíka stefnu og minna ber á neikvæðum áhrifum af sérkennslu.
- **Menntun í umhverfi án aðgreiningar er einn af þeim þáttum sem auka tækifæri til þátttöku í tómsundastarfi. Menntun í sérskóla virkar sem hindrun til þátttöku.** Hins vegar þarf að túlka þátttöku fatlaðs fólks í tómsundastarfi með varúð, þar sem tómsundir eru stundum lagðar að jöfnu við líkamlega viðveru eða meðferð, og það leiðir ekki til ánægju fólksins.



# LYKILSKILABOÐ OG ÍHUGUNAREFNI STEFNUNNAR

Í ljósi af meginniðurstöðum umfjöllunarinnar gætu stefnumótendur íhugað þróun á sannreyndum stefnum sem miða að því að auka félagslega þátttöku fatlaðs fólks á ævi þess. Þessi hluti sýnir lykilskilaboð og íhugunarefni stefnunnar sem sprettur af umfjölluninni.

- Fyrir utan evrópska og alþjóðlega baráttu fyrir skrefum í átt að námskerfum án aðgreiningar, veitir umfjöllunin stefnumótendum rannsóknargögn um jákvæð áhrif af námi án aðgreiningar á félagslega þátttöku. Ennfremur undirstrikar umfjöllunin að stefnur sem líta aðeins á nám án aðgreiningar sem pláss í almennum skóla hindra þátttöku fatlaðra nemenda og leiða því ekki að félagslegri þátttöku. Til að nám án aðgreiningar geti haft áhrif á félagslega þátttöku, er nauðsynlegt að tryggja, í gegnum stefnu og framkvæmd, að fatlaðir nemendur taki þátt á jafnréttisgrundvelli með ófötluðum nemendum í öllum þáttum skólastarfsins (t.d. námi, leik, aðgengi að öllum svæðum og starfi skólans, o.s.frv.). Ennfremur þurfa staðlar fyrir stefnu, síðari reglugerðir og gæðatrygging að undirstrika að, í námskerfum án aðgreiningar, eru bæði akademískur og félagslegur árangur mikilvægir.





- Stefnunótendur ættu að íhuga hvernig stefnan gæti best stýrt tilfærslu úr einu kerfi í annað og frá einu æviskeiði til annars til að viðhalda eða auka tækifæri til félagslegrar þátttöku. Til dæmis benti umfjöllunin til þess að nám án aðgreiningar yki líkurnar á skráningu til háskólamenntunar. Um leið kunna aðrar breytur hins vegar, eins og skortur á leiðsögn og tilfærsluáætlunum, að virka sem hindranir. Eins lagði umfjöllunin til að nám án aðgreiningar yki líkurnar á útvegum launaðrar atvinnu á hinum opna vinnumarkaði. Engu að síður virka aðrir þættir, eins og stefna og óaðgengilegt starfsumhverfi, sem hindrun. Í þeim og öðrum tilfellum þurfa stefnunótendur að íhuga hvernig eigi að tryggja að fjárfestingar sem eru gerðar í námi án aðgreiningar séu viðurkenndar af öðrum stefnum sem hafa áhrif á fatlað fólk eftir því sem það eldist.
- Annað mál sem þarf að athuga í tengslum við stefnu er hvernig eigi að lengja jákvæðu áhrifin af námi án aðgreiningar. Umfjöllunin benti til þess að þó að nám án aðgreiningar hafi jákvæð áhrif á atvinnu og fjárhagslegt sjálfstæði skömmu eftir útskrift af unglingastigi, verða áhrifin veikari eftir því sem lengri tími líður frá útskrift. Því er haldið fram að þetta sé niðurstaðan af ólíkum persónulegum þáttum, eins og lífsferli einstaklings, hugsanlegum slysum og veikindum, fjölskylduaðstæðum, og svo framvegis. Hins vegar gæti stefnan skoðað hvernig skuli stuðla frekar að félagslegri þátttöku fatlaðs fólks í gegnum atvinnu eftir því sem það eldist og verða að áhættuhóp.
- Stefnunótendur gætu íhugað hvernig hægt sé að endurhanna þau sérúrræði sem eru tiltæk í mörgum löndum til að styðja við nám í umhverfi án aðgreiningar. Þau rannsóknargögn sem umfjöllunin setur fram benda til þess að nám í sérskólum lágmarki tækifæri til félagslegrar þátttöku bæði til skamms tíma (á meðan fötluð börn ganga í skóla) og til lengri tíma lítið (eftir útskrift úr menntun á unglingastigi). Nám í sérskóla er sett í samhengi við verri akademískrar og starfslegrar hæfni, starfa á vernduðum vinnustöðum, fjárhagslegt ósjálfstæði, færri tækifæri til sjálfstæðrar búsetu og slakra samfélagsneta eftir útskrift.

Seinni tíma rannsóknir gætu kannað nánar reynslu nemenda í gegnum skólagöngu sína í ólíku samhengi, skólafestun og framkvæmd, kerfum/áætlunum sem tryggja tilfærsluna frá menntun til atvinnu og búsetu í samfélaginu. Slíkar rannsóknir myndu varpa ljósi á hvaða breytur gera félagslega þátttöku mögulega. Langtímarannsóknir eru einnig mikilvægar við athugun á tengingunni á milli náms án aðgreiningar og félagslegrar þátttöku á öllum þremur sviðum (menntun, atvinnu og búsetu í samfélaginu). Slíkar rannsóknir gætu undirstrikað enn frekar hvernig stefna um nám án aðgreiningar og aðrar stefnur (t.d. félagsmálastefnu, atvinnustefna) stuðla að eða hindra félagslega þátttöku í ólíku samhengi.




Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33  
DK-5000  
Odense C  
Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

Skrifstofa í Brussel:

Rue Montoyer 21  
BE-1000  
Brussels  
Belgium  
Sími: +32 2 213 62 80  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)



[www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)